

Ready for Action

KENNSLULEIÐBEININGAR

Efnisyfirlit

- 2 Til kennara
- 2 Grunnþættir tungumálsins
- 2 Kveikjusíður
- 2 Train your brain
- 3 Oliver Twist
- 3 Verkefnablöð

Höfundar: Björg Jónsdóttir
og Erla Björk Pálsdóttir
Teikningar: Lára Garðarsdóttir
Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir og
Ingibjörg Valsdóttir
Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun
1. útgáfa 2016
Menntamálastofnun
Kópavogi

Til kennara

Námsefnið Ready for Action samanstendur af lesbók með fjórum köflum auk framhaldssögunnar Oliver Twist sem fléttast milli kaflanna. Í kennsluleiðbeiningunum eru hlustunarefni á pdf-formi, svör við verkefnum, frekari útfærslur og hugmyndir að verkefnum og nokkur útprentanleg verkefnablöð. Námsefnið tekur mið af aðalámskrá grunnskóla, almenna hluta frá 2011 og greinasviðinu frá 2013.

Efni lesbókarinnar er hugsað þannig að það geti staðið sjálfstætt en einnig hentar það fyrir þverfaglega kennslu þar sem grunnþættir menntunar koma fram í hverjum kafla. Í hverjum kafla er íslensk tenging sem býður einnig upp á marga möguleika. Einfalt er að dýpka efni hvers kafla með því að finna ítarefni á vefnum, í tímaritum, öðrum bókum eða öðru sem passar hverju sinni.

Allir kaflar eru byggðir upp á sama hátt svo kennarar og nemendur viti að hverju þeir ganga. Textarnir eru mismunandi langir í þeim tilgangi að kennari geti valið hvað hentar hverjum og einum. Hverjum texta fylgja verkefni eða hugmyndir að verkefnum en það er von höfunda að kennarar láti bókina ekki hefta sig í kennslu heldur nýti hana sem grunn í skapandi kennslu þar sem fjölbreyttir kennsluhættir eru í hávegum hafðir.

Grunnþættir tungumálsins

Grunnþættir tungumálsins eru lesskilningur, ritun, hlustun, talað mál og málfræði. Í námsefninu er lögð áhersla á lesskilning með mismunandi tegundum af textum en einnig eru hlustunarverkefni í hverjum kafla. Með mörgum verkefnum fylgja svo ritunarverkefni en hafa skal í huga að þau þurfa að vera við hæfi og getu hvers og eins. Ritun er yfirleitt sá þáttur tungumálsins sem vefst hvað mest fyrir nemendum. Þá er gott að byrja rólega og nýta til þess þar til gerð hjálpargögn eins og hugarkort. Tillögur að umræðum eru á nokkrum stöðum í bókinni fyrir utan alla þá möguleika sem hver texti býður upp á. Umræður þjálfa bæði hlustun og talað mál hjá nemendum. Einnig er tilvalið að láta nemendur kynna verkefni sín fyrir hópinn og þjálfa þannig framsögn og talað mál. Lesskilningur og orðaforði liggur til grundvallar í bókinni en áhersla á orðaforðann og að nemendur heyri og lesi rétta ensku eflir einnig málfræðipekkingu nemenda.

Kveikjusíður

Í upphafi hvers kafla er kveikjusíða með mynd sem tengist innihaldi kaflans. Þar er hugmyndin að farið sé yfir það sem koma skal í kaflanum. Þarna er kveikja sem vekja á áhuga nemenda á efni kaflans. Á þessum tímamarki koma nemendur oft með hugmyndir um hluti sem þeir vilja gera í tengslum við kaflann og því er hægt að nýta smá tíma í umræður um það sem hægt væri að gera. Á sama tíma getur verið gott að nýta síðuna í að átta sig á þekkingu nemenda á efninu.

Train your brain

Í lok hvers kafla eru nokkrar spurningar og/eða vangaveltur sem tengjast kaflanum. Þær má nýta á marga vegu. Hægt er að nýta þær í ritunarverkefni, heimavinnu, umræður eða jafnvel sem ritgerðarspurningar. Eins eru þær tilvalinn vettvangur til að rifja upp kaflann með nemendum.

Oliver Twist

Sagan Oliver Twist eftir Charles Dickens er framhaldssaga bókarinnar og má taka hana fyrir á nokkra vegu. Hægt er að nýta hana sem framhaldssögu og lesa hana á milli kaflanna eins og hún er sett upp í bókinni. Þannig getur myndast spenna milli kaflanna og nemendur hlakka til að halda áfram. Önnur leið er að gera stórt verkefni úr sögunni og taka hana fyrir eins og sjálfstæðan kafla. Þannig gæti sagan verið unnin eftir söguaðferðinni (storyline method) og margvísleg verkefni unnin með hana þannig. Slík vinna getur brotið upp hefðbunda kennslu og gefið frí frá bókinni sjálfri. Möguleikarnir eru margir en hægt er að setja söguna upp myndrænt, búa til margvísleg verkefni úr henni, setja hana upp sem leikrit eða jafnvel búa söguna niður og leika hana í pörtum sem hægt væri að taka upp á myndband. Umræður í tengslum við söguna eru miklar og getur verið mjög áhrifaríkt að láta nemendur setja sig í spor persónanna, greina þær og skoða aðstæður þeirra. Sagan er átakanleg og kemur inn á marga grunnþætti menntunar. Í tengslum við söguna er tilvalið að ræða jafnrétti, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð svo eitthvað sé nefnt. Oliver Twist er ákaflega þekkt saga og mikill lærdómur felst í því að þekkja höfundinn, sögu hans og bókmenntir.

Verkefnablöð

Með sumum textum fylgja verkefnablöð. Flest þeirra tengjast beint einhverjum texta úr bókinni. Önnur eru fjölnota verkefni eins og hugarkort, KWL-listi (KVL aðferðin) og Venn-mynd sem geta passað víðar. Öll verkefnablöð eru í sér kafla aftast í kennsluleiðbeiningunum. Það er kennarans að meta hvað hentar nemendum hverju sinni en tilvalið er að kenna nemendum á þessi verkefni því þá þjálfast þeir í slíkum vinnubrögðum og læra að nýta sér hjálpargögn t.d. í ritun.

Animals

Nemendabók bls. 4–18

Markmið kaflans er að nemendur:

- Læri og þjálfist í notkun orðaforða tengdum dýrum.
- Auki þekkingu sína á umönnun dýra.
- Læri um mismunandi aðstæður dýra og velti fyrir sér velferð þeirra.
- Þjálfist í umræðu um lýðræðislegt efni, læsi, sjálfbærni og velferð dýra.

Kaflinn fjallar um dýr og dýrahald og er hugsaður til fróðleiks og skemmtunar. Margir nemendur hafa gaman af dýrum og því ætti að vera hægt að ræða um hin ýmsu dýr. Í kaflanum eru líka upplýsingar sem gætu komið nemendum á óvart. Mörg skemmtileg verkefni er hægt að gera um dýr en einnig er til talsvert af tónlist sem hægt væri að nýta. Hér eru nokkrar hugmyndir:

- Animal song með hljómsveitinni Savage Garden.
- Rockin' Robin með Jackson 5.
- The Lion Sleeps Tonight með hljómsveitinni The Tokens.
- What does the fox say? með hljómsveitinni Ylvis.

Animals to the rescue

Nemendabók bls. 5–6

Stuttir og frekar einfaldir textar um björgunarafrek dýra. Tilvalinn vettvangur til að ræða frekari afrek dýra, spyrja nemendur hvort þeir þekki svona sögur og jafnvel fletta þeim upp á vefnum. Krossgátuverkefni og lausn á gátunni er í verkefnablöðum.

Can I have a pet?

Nemendabók bls. 7

Samtal milli mæðgna sem hentar vel sem leiklestur fyrir tvo nemendur. Umræður um þá ábyrgð sem fylgir því að eiga dýr er tilvalinn grundvöllur umræðu og eins má spyrja hverjir eiga dýr og hvaða dýr það eru. Hér er líka gott að nota Can I have a pet verkefnablaðið til að skerpa á því hvað er gæludýr og hvað ekki.

Hugmyndir að ritun:

Skrifaðu samtal milli þín og foreldra þinna um dýrahald.

Gerðu auglýsingu þar sem óskað er eftir heimili fyrir heimilislaust dýr.

Hér gætu fjölnota verkefnablöð nýst.

Homeless animals in Iceland

Nemendabók bls. 8

Áður eða eftir að þessi texti er lesinn gætu nemendur fyllt út KWL verkefnablað til að velta fyrir sér hvað þeir vita nú þegar og hvað þeir vilja vita um heimilislauð dýr.

Eftir að hafa lesið um heimilislauð dýr á Íslandi getur verið skemmtilegt að taka umræður um málefnið sem getur komið nemendum á óvart. Heimasíðurnar www.kattholt.is og www.dyrahjalp.is opna fyrir enn frekari umræðu auk þess að hjálpa nemendum að átta sig á stöðu dýra, umhyggju fyrir þeim og ábyrgð.

Svör við spurningum á bls. 9 í nemendabók:

1. The people in Kattholt take care of cats and try to find owners for them.
2. It came from a woman that really liked cats.
3. Marks them electronically.
4. Homeless animals like cats, dogs, hamsters and rabbits.
5. Animals sometimes go to foster homes while waiting for a new home.
6. The people's interest in animal welfare. (ATH.)
7. For people that would like a pet.

Having a pet

Nemendabók bls. 10–11

Í þessum texta eru erfið orð en þau eru endurtekin nokkrum sinnum. Mjög gott er að kennari noti orðaforðann í kennslustund eftir lestur á textanum á bls. 10-11 til að tryggja að nemendur skilji innihaldið.

Hugmyndir að ritun:

Choose one more pet to write about. Remember to write about the animal's needs. Use the Internet to help you find information.

Aðrar hugmyndir:

Hér gæti verið sniðugt að gera verkefni sem er sýnilegt og hengt upp í stofu, nemendi fær lítið veggspjald og útfærir sitt dýr (litar, teiknar eða annað skemmtilegt) og skrifar hvers dýrið þarfnast.

Hugmyndir að svörum við spurningum á bls. 11

1. It is a great responsibility to have a dog, the owner needs to take care of it. It needs water bowls, food bowls and dog food, a leash and a collar.
2. Dogs need walks and fun to be happy.
3. To go outside every day and have food and water as well.
4. It is easy, not a lot of work but you still need to clean their tank and feed them.
5. They need to search for their food and they need to play. They also need to exercise.
6. Mismunandi svör.

Weird facts about animals

Nemendabók bls. 12

Örstuttir textar sem gefa þeim sem eiga erfitt með að lesa á ensku tækifæri til að prófa. Textarnir stuttu eru skemmtilegar staðreyndir um dýr sem vekja athygli nemenda.

Tilvalið er að leyfa nemendum að fletta upp öðrum furðulegum staðreyndum um dýr en með slíku verkefni mætti bæta við veggspjaldagerð eða að velja sér dýr til að skrifa um.

Sharks

Nemendabók bls. 13

Hlustunarefni: Sjá kafla um hlustunarefni.

Dog movies

Nemendabók bls. 14

Kvikmyndir eru eitt af því sem nemendur tengja oft vel við og því tilvalið að tala um dýr og kvikmyndir. Þessir stuttu textar gefa örstutta innsýn í nokkrar kvikmyndir þar sem hundur er einn af aðalleikurum myndarinnar. Á textunum má byggja skemmtilegar umræður en einnig er einfalt að gera nokkuð stór verkefni byggð á þessum textum eða sambærilegum textum.

Umræður:

Do you think it is easy to have an animal act in a movie?

How do you think that is done?

Do you think animals that are trained to act in a movie have a good life? Why/why not?

Aðrar hugmyndir:

Nota vefinn til að finna fleiri kvikmyndir með hundum og jafnvel kvikmyndir með öðrum dýrum í stórum hlutverkum.

Gera myndband eða litla heimildarmynd um dýr. Spjaldtölvur eru tilvalin tæki í slíka vinnu og þá má láta nemendur tala inn á myndina og sýna hver öðrum. Slíkt verkefni gæti verið hluti af námsmati. Horfa á sýnishorn af dýramyndum og skrifa svo stuttlega um myndirnar eða gera gagnrýni.

Svör við spurningum á bls. 15:

Spurningarnar eru þess eðlis að ekki eru nein rétt eða röng svör heldur er spurt um skoðun nemenda.

Keiko

Nemendabók bls. 16

Sagan af Keiko tengist Íslandi en einnig dýrum í kvikmyndum. Umræður um líf Keikos gefa líka mikilvægt tækifæri til að ræða álitamál varðandi dýr. Velferð dýra, réttindi þeirra og hlutverk mannsins í lífi dýra gefur tækifæri til mikilla umræðna. Þessi texti tengist grunnþættinum sjálfbærni úr Aðalnámskrá grunnskólanna 2011 beint og gefur nemendum tækifæri til að ræða þessi umdeildu mál.

Hugmyndir:

Mikið er til af efni um Keiko og kvikmyndirnar hans. Tilvalið er að leyfa nemendum sjálfum að fletta því upp og afla sér frekari upplýsinga. Eins má finna heimildamyndir á vefnum sem hægt væri að horfa á með nemendum ef kennari treystir þeim til þess.

Stafarugl með orðaforða úr kaflanum um Keiko er í kafla með verkefnablöðum, ásamt lausn á stafaruglinu.

The zoo

Nemendabók bls. 17

Hlustunarefni: Sjá kafla um hlustunarefni.

Coco: The Stolen Parrot

Nemendabók bls. 18

Þraut sem lesa þarf yfir með nemendum til að koma öllum af stað. Nemendum er svo annað hvort skipt í hópa eða hver og einn vinnur sjálfstætt. Prenta þarf út viðeigandi verkefnablað til að fylla inn upplýsingarnar. Loks fá nemendur vísbendingarnar í tvennu lagi. Þegar búið er að leysa fyrri þrautina fá nemendur seinni vísbendingarnar. Þannig má tryggja að fyrri hluti þrautarinnar sé rétt leystur. Verkefnablað, svör og vísbendingar eru í verkefnablaðakafla.

Train your brain

Nemendabók bls. 18.

Þessar spurningar má nýta á ýmsa vegu. Einfalt er að láta nemendur svara þeim skriflega, öllum eða hluta af þeim. Þær má líka nota sem umræðugrundvöll, annaðhvort fyrir nokkra nemendur saman eða allan bekkinn. Önnur leið er að gera þessa punkta að ritunarverkefnum, velja eitthvað úr þeim. Loks mætti nýta spurningarnar sem heimanám þar sem nemendur velta þeim fyrir sér með foreldrum sínum og koma með svörin aftur í skólann.

Fun and Entertainment

Nemendabók bls. 22–44

Markmið kaflans er að nemendur:

- Auki orðaforða sinn tengdan skemmtun.
- Auki orðaforða sinn tengdan tónlist og hljóðfærum.
- Þekki sögu Halloween/hrekkjavöku og hefðir, sem og orðaforða tengdan hátíðinni.
- Auki þekkingu sína og orðaforða um tölvur.
- Auki þekkingu sína á London og ferðamannastöðum í borginni.
- Þjálfist í sköpun og læsi.
- Fá innsýn í mismunandi tegundir skemmtunar og efli orðaforðann um skemmtun og afþreyingu þar sem slíkur orðaforði getur nýst vel t.d á ferðalögum.

Kaflinn Fun and Entertainment fjallar um hluti sem fólk gerir sér til skemmtunar. Orðaforðinn sem tengist efninu nýtist alla jafna vel í almennum umræðum og í tengslum við ferðalög. Efni kaflans býður upp á marga möguleika og ekki ólíklegt að einhverjir kaflar höfði sérlega vel til einstakra nemenda. Ef efnið vekur athygli er alltaf tilvalið að dýpka það frekar. Sem dæmi má nefna að stuttlega er talað um fótoltamenninguna í Bretlandi en úr þeim texta mætti útbúa stórt og skemmtilegt verkefni. Textinn um sögu tölvuleikja, sem stiklar á stóru í þeirri menningu, gæti orðið að stóru verkefni, svo dæmi sé tekið.

Music

Nemendabók bls. 23

Hér er sagt frá mismunandi tegundum tónlistar og farið yfir heiti nokkurra hljóðfæra í leiðinni. Engin rétt svör eru við verkefnum á bls. 24 þar sem nemendur svara eftir eigin áhugasviði. Orðaforðinn er bæði tengdur hljóðfæraheitum og tegundum tónlistar. Farið er í stuttu máli yfir sögu hvernar tónlistartegundar en hér mætti fara mun ítarlegar í sögu tónlistar, tengja við annað tónlistarnám í skólanum og útbúa stór verkefni.

Verkefnið **Guess the song** má prenta út og hafa í beinu framhaldi af þessum texta en það getur líka staðið eitt og sér. Hver nemandi fær eintak af verkefnablaðinu. Áður en byrjað er að spila tónlistina þarf að fara yfir hvað spurningarnar þýða. Svo spilar kennarinn nokkur vel valin lög og nemendur fylla út skjalið eftir því sem þeir vita, geta, heyra eða giska. Oft myndast frábært tækfæri til umræðu um ýmis orð, tónlist, tísku og fleira. Hægt er að nota hvaða lög sem er en hafa þarf í huga að textinn sé viðeigandi og ekki of erfiður. Sniðugt er að blanda lögum, nýjum og gömlum til að gera verkefnið hæfilega erfitt. Hér á eftir eru tillögur að lögum sem hafa þægilegan texta:

Holiday – Madonna

Dancing queen – Abba (og mörg fleiri Abba lög)

We are the champions – Queen

Yellow submarine – The Beatles

Möguleikarnir eru margir. Það má skipta þessum fjórum lögum á tvær kennslustundir og taka hvert lag oftar en einu sinni. Tilvalið er prenta út textann, syngja lagið saman, taka út nokkur orð úr textanum og láta nemendur fylla inn í eyðurnar á **Guess the song** verkefnablaðinu.

The band

Nemendabók bls. 25

Þetta verkefni má gera að stórum þætti innan kaflans og jafnvel nýta sem hluta af símati. Eftir umræður í byrjun (inngangstexti og discussions) er nemendum skipt í hópa. Hópar leysa sex verkefni á bls. 25 og skila af sér á þann hátt sem kennarinn kýs. Hægt er að halda kynningar, notast við Power Point, Lino It eða önnur forrit eða öpp. Einnig er hægt að útbúa veggspjöld með teikningum, textum og fleiru. Endalausir möguleikar eru í boði og um að gera að leyfa nemendum að nota ímyndunaraflíð og vera frumlegir.

In the circus

Nemendabók bls. 27

Viðtalið við Lee Nelson býður upp á marga möguleika. Lee talar um ástríðu fyrir starfinu sínu og að velja sér starf sem bæði gefur tekjur en veitir líka ánægju. Frábær grundvöllur að samræðum um að hverju þarf að huga þegar starf er valið. Einnig er tilvalið að benda á mikilvægi grunnnáms og að það getur verið háskólanám að læra sirkusfræði og verða trúður.

Ýmis verkefni mætti vinna í framhaldi af þessum texta. Til að mynda að ræða um ólík störf og fletta þeim upp. Þá mætti einnig útbúa spurningar fyrir foreldra eða aðra fullorðna þar sem þeir eru spurðir út í starfið á svipaðan hátt og Lee er spurður út í sitt. Slíkt verkefni mætti svo kynna fyrir hópnum og þjálfu þannig framkomu og talað mál.

Verkefnið **In the circus** er í verkefnablaðakafla, fullyrðingar með true eða false svörum, ásamt réttum svörum.

Til umræðu upp úr viðtalinu

- I came to Iceland out of curiosity to visit the most northern capital city in the world
- Knowledge should always be passed on.
- It seemed natural to try to make money by using what I had learned.
- Wally is a word we use in Australia meaning to be an idiot.
- I sincerely hope I can continue to manage a circus in Iceland, provide jobs and opportunities for people who seek out a circus lifestyle.
- I also hope to continue to be a good husband to my wife, and a good father to my children.
- Sirkus Íslands will hopefully continue to run our youth circus and grow it from its current one day a week training into a five day a week fully functioning school over the coming years.
- A good performer seeks to make others happy, and by doing so they make themselves happy.
- To never ever give up trying to be the best you can be.
- Understanding what emotions people experience and why they experience them will help you craft your performance better and make a better show.
- Does your job make you happy?

Svör við spurningum á bls. 30.

Ekki eru nein rétt eða röng svör við spurningunum heldur er um skoðanir nemenda að ræða.

Party planning

Nemendabók bls. 31

Hlustunarefni: Sjá kafla um hlustunarefni.

Halloween

Nemendabók bls. 32

Textinn um fjallar um hefðina en einnig söguna á bak við Halloween. Flestir krakkar þekkja Halloween úr kvikmyndum og sögum en fæstir þekkja í raun söguna á bak við þessa hátíð.

Eftir lesturinn má svara spurningum á bls. 33 í stílabók eða ræða þær en engin rétt eða röng svör eru þar. Einnig er þar eitt ritunarverkefni sem hægt er að nota og nýta má mind map verkefnablað eða láta nemendur búa það til sjálfa, jafnvel í spjaldtölvu.

Aðrar hugmyndir sem hægt væri að vinna með í framhaldi:

Ritunarverkefni eins og draugasögur eða aðrar skelfilegar sögur

Útbúa draugahús, skreyta stofuna og kennarinn les draugasögu.

Skeru út grasker og lýsa því sem gert er á meðan, segja frá því hvernig það er gert og hvað er borðað af graskerinu. Setja svo kerti inn í graskerið og lesa draugasögu.

Útbúa Halloween-party með því að föndra skraut, útbúa draugalegar kökur og halda skemmtilegt party.

Ræða við nemendur um söguna á bak við Halloween. Margir telja Halloween vera ameríska hefð en svo er ekki. Þessi gamla hefð frá Írlandi er að mörgu leyti ekki ósvipuð mörgu því sem Íslendingar trúðu og sumir trúá enn. Hér má skapa miklar umræður og um leið kenna nemendum að skilja hefðir og sögu þjóða (í þessu tilfalli Írland sem færir svo yfir í mörg önnur enskumælandi lönd) og hvernig þær breytast og þróast. Þá mætti fara enn lengra og ræða hvernig verslanir hafi nýtt sér hefðina og gert úr henni mikla söluvöru sem fáir þekki söguna á bak við.

Taka fyrir ákveðið efni úr Halloween eins og spiders, bats, ghosts, pumpkins og þess háttar. Þá er hægt að kafa dýpra með því að búa til bækur um efnið, veggspjöld eða nota einhver öpp eða forrit.

Svör við spurningum á bls. 33

Spurt er um skoðanir nemenda.

The story of computer games

Nemendabók bls. 34–35

Hér er hægt að búa til stórt þemaverkefni um tölvuleiki og skoða þá eins og þeir voru og/eða hvernig þeir eru í dag. Einnig mætti skoða þróunina sem hefur orðið á þeim undanfarið. Í slíkum verkefnum er einfalt og skemmtilegt að tengja lífsleiknina inn og fjalla um mikilvægi hófs og að virða aldurstakmark leikja og margt fleira.

Ritunarverkefni – hugmyndir:

- Skrifaðu um uppáhalds tölvuleikinn þinn
- Skrifaðu um kosti og galla tölvuleikja
- Búðu til þinn eigin tölvuleik, lýstu honum.

Svör við spurningum á bls. 35

1. Pong
2. In arcades
3. From Japan
4. They made playing cards
5. Those games had a story

Í Assignments/Discussions eru engin rétt eða röng svör en spurningarnar bjóða upp á áhugaverða umræðu. Einnig er líklegt að margir geti sagt ítarlega frá þeim leikjum sem þeir spila á ensku og mætti þá líka ræða hvort nemendum finnst þeir læra ensku af því að spila ákveðna leiki.

Did you know?

Nemendabók bls. 36

Hér eru einfaldar staðreyndir eða setningar um ýmislegt tengt efni kaflans. Textinn er hugsaður til gamans en einnig fyrir þá sem eiga erfitt með lengri og þyngri texta. Til að vinna frekar með þessar staðreyndir mætti fletta þeim upp í tölvu og finna jafnvel fleiri merkilegar staðreyndir um tónlist og fleira.

Entertainment in London

Nemendabók bls. 37–41

Stór verkefni væri hægt tengja við þennan texta þar sem kynna mætti bæði Bretland og London mjög vel. Fara mætti yfir Stóra-Bretland, mismunandi framburði og mállýskur, fána, hefðir og menningu. Hægt væri að nýta efnið World Wide English á vef www.nams.is en þar er fjallað um England, Skotland og Wales.

Eins mætti nýta Netið og kanna hvað fleira væri hægt að gera í London eða á öðrum stöðum og setja jafnvel saman ferðadagskrá.

Svör við spurningum á bls. 38:

1. It is named after the first owner, William Hamley.
2. It opened in 1760.
3. It is on Regent Street.
4. Because it was William Hamleys dream to open the finest toy shop in the world.

Svör við spurningum á bls. 39:

1. The twenty best teams each season are in the Premier League.
2. The fans.
3. Clothes, scarves and hats labelled with their team's logo.

Svör við spurningum á bls. 40:

1. The most famous park is Hyde Park
2. Walk in a beautiful scenery, rent a boat and eat good food in a nice café.

Svör við spurningum á bls. 41:

1. Look at wax statues of famous people
2. It is on Marylebone Road

Hugmyndir - umræðupunktur:

- Ferðalög og spennandi staði til að fara á.
- Leikföng og leikfangaverslanir. Þurfum við öll þessi leikföng – hvernig hefur þetta breyst í gegnum árin?
- Fótboltamenningin í Bretlandi, liðin og hvaðan þau koma og aðdáendur liðanna.
- Garðmenning, þekktir garðar erlendis og hér heima.
- Vaxmyndir og umræður um fræga fólkið.

Dæmi um spurningar:

- Have you ever been to London?
- What about other places in Britain?

- What do you know about London?
- Do you know the British flag?

Hugmyndir – ritun:

- Uppáhalds borgir
- Uppáhalds leikföng
- Fótboltalið
- Frægt fólk
- Póstkort frá London
- When I go to London I want to...
- I love London because....

Summer Vacation

Nemendabók bls. 42

Hlustunarefni: Sjá kafla um hlustunarefni.

Hobbies to entertain me

Verkefni á bls. 43 í nemendabók, survey sheet er í verkefnablaðakafli.

Board game

Nemendabók bls. 44–45

Einfalt borðspil þar sem nemendur þurfa eingöngu tening og eitthvað smátt, t.d. strokleður, til að nota sem spilapeð. Þeir kasta svo teningnum og lenda þá á einhverjum reit. Lendi nemandi á fyrirmælum þarf að fara eftir þeim og færa sig á viðeigandi reiti.

Train your brain

Nemendabók bls. 44–45

Þessar spurningar má nýta á ýmsa vegu. Einfalt er að láta nemendur svara þeim skriflega, öllum eða hluta af þeim. Þær má líka nota sem umræðugrundvöll, annað hvort fyrir nokkra nemendur saman eða allan bekkinn. Enn önnur leið er að gera þessa punkta að ritunarverkefnum, velja úr þeim. Loks mætti nýta spurningarnar sem heimanám þar sem nemendur velja þeim fyrir sér með foreldrum sínum og koma svo með svörin aftur í skólann.

Space

Nemendabók bls. 48–61

Markmið kaflans er að nemendur:

- Auki orðaforða sem tengist geimnum.
- Læri um pláneturnar.
- Þjálfist í umræðu um lýðræðisleg efni og læsi.
- Þjálfist í skapandi vinnu.
- Þjálfist í lestri mismunandi tegunda af textum.
- Þjálfist í ritun.

Kaflinn Space fjallar um geiminn eins og nafnið gefur til kynna og er að hluta til fræðandi og ætti að passa ágætlega við það sem nemendur kynna sér í náttúrufræðum um geiminn. Einnig fjallar stór hluti kaflans um geimverur og aðrar vangaveltur um geiminn og þar geta nemendur leyft ímyndunaraflinu að ráða för. Eins og áður má stækka mörg verkefni og gefa þeim mun meira svigrúm en gert er ráð fyrir í kennsluleiðbeiningum. Margir textarnir gefa kost á skipulögðum umræðum um málefni líðandi stundar og aðrir bjóða upp á mikla skapandi vinnu.

I want to be an astronaut

Nemendabók bls. 49–50

Hér er saga sem hægt er að lesa saman sem bekkur, eða að nemendur lesa sjálfir. Tilvalið að ræða saman um söguna á eftir. Að ræða það sem lesið var um hjálpar nemendum að muna og skilja betur. Einnig langar marga til að koma skoðunum sínum á framfæri og þá erum við komin með tilvalið tækifæri til að tala saman á ensku.

Nemendur vinna verkefni þar sem þeir skrifa það sem þeir vita, vija vita og læra í KWL-töflu sem er að finna í verkefnablöðum.

Aliens on earth?

Nemendabók bls. 51

Hlustunarefni: Sjá kafla um hlustunarefni.

Hugmyndir að verkefnum úr Aliens on earth?

Láta nemendur hafa autt blað eða vinna í stílabækur.

Kennari útskýrir hvernig geimveru nemendur eigi teikna. Þetta er fín hlustunaræfing fyrir nemendur sem eru styttra komnir í enskunni.

Kennari ákveður eitthvað eins og t.d:

Draw what the teacher says

- The alien has one big head and a very small and thin body.
- The alien has three eyes, one in the middle of the face and the other two on the left side.
- The alien has four arms, two on each side.
- The alien has one nose on the top of the head.

Kennari býr eitthvað svona til og nemendur teikna og lita jafnvel. Æfir orðaforða um líkamshluta, liti og lýsingarorð.

Þetta er ætíð mjög skemmtilegur tími með mikið af umræðum og tilvalið er að hengja allar myndir upp í lokin því þær vekja mikla athygli.

The solar system

Nemendabók bls. 52–53

Þessi texti hentar vel með náttúrufræðikennslu þegar nemendur eru að læra um geiminn. Einnig gætu nemendur núna verið nokkuð spenntir fyrir því að læra meira um geiminn og tilvalið ef kennarar og nemendur hafa áhuga að fara lengra með þennan texta og nýta efni af netinu um Space-kennslu.

Gaman er að gera stórt verkefni úr þessu í byrjun kaflans og setja pláneturnar upp á vegg og skrifa um þær og tengja þannig bæði í enskú tímanum og náttúrufræðinni. Til dæmis er hægt að mála maskínupappír svartan eða nota svört karton og svo klippa nemendur og mála/lita pláneturnar út og líma á geiminn. Þetta er hægt að tengja verkefninu Miriam's mystery sem kemur seinna fyrir í kaflanum.

Hér er farið létt yfir hver röð plánetanna er frá sólu, stærð þeirra og sérkenni.

Stutta texta á bls. 52–53 um hverja plánetu er gott að tengja við Storyline-verkefnið Miriam's mystery á bls. 60–61, þegar nemendur útbúa sína eigin geimveru og geta svo útbúið geiminn.

Svörin við spurningunum á bls. 53:

1. Jupiter
2. Saturn
3. Mercury
4. Neptune
5. Venus
6. Neptune

Going to Space

Nemendabók bls. 54

Þar sem nemendur eru líklega orðnir forvitnir um hvernig maður ferðast út í geim er tilvalið að skoða hvað þarf til þess. En athuga ber að þetta eru bara nokkrir punktar fyrir nemendur til að velta þessu fyrir sér. Mögulegt er að skoða meira á netinu um þetta.

The astronaut Bjarni Tryggvason

Nemendabók bls. 54

Gaman er að velta fyrir sér hverjir hafa farið út í geim og hér er íslensk tenging við þetta þema. Nota netið og skoða hverjir hafa farið út í geim.

Alien mysteries

Nemendabók bls. 55

Lengi hefur lifað alls kyns orðrómur um geimverur og fljúgandi furðuhluti. Nemendum finnst oft gaman að lesa skrytnar fréttir um slíkt og þykir þetta merkilegt. Hér eru birtar þrjár fréttir, þar af ein frá Íslandi sem margir kennarar kannast eflaust við og geta jafnvel sagt nemendum meira frá.

Þessir textar eru hugsaðir til umræðu um hvort líf sé á öðrum hnöttum. Hver er rökrétt ástæða? Gott að taka skipulagðar umræður hér.

Umræðuhugmyndir:

- What other logical explanations can you think of?
- Have you heard of other weird stories like these? Any in Iceland?

A visit to the Space Museum

Nemendabók bls. 56

Hlustunarefni: Sjá kafla um hlustunarefni

Song- The Final Countdown.

Lög eru góð hlustun. Spurningar á bls. 57 er hægt að útfæra á marga vegu:

Learning about space

Nemendabók bls. 58–59

- Hér lesa nemendur samtal milli tveggja krakka sem eru að ræða um ferð út í geiminn og hvað maður myndi taka með sér.
- Hér er verkefnið að teikna og skrifa hvað maður tæki með sér í geiminn.
- Hægt að útfæra á nokkra vegu. Gefa nemendum auð blöð til að teikna á og skrifa orðin við hliðina á en líka hægt að gera lengri ritun. Hér er gott að nota mind map verkefnablað.
- Þeir, sem geta, lesa sína ritun upp.
- **True or False** útprentanlegt verkefni fylgir. Einnig má láta nemendur leiðrétta röngu setningarnar.

Miriam's mystery

Nemendabók bls. 60–61

Þetta er skemmtilegt verkefni sem tekur lengri tíma og er tilvalið að taka fyrir núna þegar nemendur eru búnir að læra heilmikið um geiminn.

Nemendur fönndra sína eigin geimveru og skrifa lýsingu um geimveruna sína. Sjá spurningar á bls. 61. Einnig skrifa nemendur sögu um hvað geimveran var að gera þegar hún lenti í bakgarðinum hennar Miriam.

Hér er tilvalið að láta nemendur kynna sína geimveru fyrir bekknum.

Svo er sniðugt að nýta sér textann The solar system á bls. 52–53 í nemendabók til að útbúa geim (ef ekki var búið að því) í stofunni og líma geimverunary á geiminn. Til að útbúa geim er sniðugt að nota maskínupappír og mála hann svartan eða einfaldlega svart karton og klippa út plánetur og líma á geiminn.

Þetta er gott verkefni sem hægt er að nýta sem námsmatsverkefni þar sem margir þættir koma að, eins og ritun, sköpun og talað mál.

Athuga þarf að þetta verkefni tekur oft langan tíma og kennari ræður hversu langt er farið með þetta.

Hugmyndir að fleiri verkefnum.

- útbúa/skapa geimveru.
- Notaðu geimveruna til að skrifa um hana og nota til þess hugmyndir úr bókinni: Hver er geimveran?
- Búa til sögu, hægt að nota ýmis smáforrit líka hér eins og Book creator og fleiri.
- Tengja verkefninu The Solar system og setja geimverunary á geiminn sem er í stofunni.
- Nemendur kynna sína geimveru.
- Hægt að bjóða foreldrum að sjá verkið.

Train your brain

Nemendabók bls. 61

Þessar spurningar má nýta á ýmsa vegu. Einfalt er að láta nemendur svara þeim skriflega, öllum eða hluta af þeim. Þær má líka nota sem umræðugrundvöll, annaðhvort fyrir nokkra nemendur saman eða allan bekkinn. Enn önnur leið er að gera þessa punkta að ritunarverkefnum, velja þá eitthvað úr þeim. Loks mætti nýta spurningarnar sem heimanám þar sem nemendur velta þeim fyrir sér með foreldrum sínum og koma svo með svörin aftur í skólann.

Jobs

Nemendabók bls. 64–74

Markmið kaflans er að nemendur:

- Læri orðaforða starfsheita.
- Þjálfist í umræðu um jafnrétti, læsi, sköpun, lýðræði og heilbrigði og velferð.
- Fá tækifæri til að þjálfast í nýsköpun
- Fá tækifæri til að tjá hugmyndir sínar munnlega á ensku.

Kaflinn Jobs gefur nemendum grunnorðaforða í starfsheitum. Verkefnið New inventions er nýsköpunarverkefni sem býður upp á mikla möguleika. Þar þjálfar nemendur sköpun auk þess að setja í sagnfræðilegt samhengi hvernig hlutir verða til.

Ákveðinn hluti kaflans er byggður upp á starfsúmsókn þar sem bæði er um að ræða munnleg og skrifleg verkefni með dæmum úr kaflanum. Sem heild er hægt að taka kaflann fyrir sem eitt stórt verkefni um starfsviðtöl og úmsóknir. Hægt væri að setja upp leikþætti í tengslum við slíkt auk skriflegra verkefna eða hvaðeina sem kennaranum dettur í hug.

New inventions

Nemendabók bls. 65–66

Vinna má stórt verkefni úr þessum texta. Nemendur fylgja leiðbeiningum í verkefninu á bls. 66 í nemendabók og vinna sínar eigin uppfinningar. Kennari getur gengið á milli og rætt við nemendur hvað þeir séu að gera og af hverju.

Það getur verið gaman að gefa nemendum nokkuð góðan tíma í það að vinna uppfinningarnar. Hér reynir á sköpun, frumkvæði og sjálfstæði nemenda. Einfalt er að einstaklingsmiða þetta verkefni þar sem sumir teikna og skrifa en aðrir teikna bara. Kynningar á þessu verkefni geta verið mjög skemmtilegar og má gera þær á fjölbreyttan hátt.

Do you know these jobs?

Nemendabók bls. 67

Hér eru talin upp og lýst nokkrum algengum störfum. Gott að lesa með nemendum og jafnvel má biðja nemendur um að nefna fleiri störf sem þeir þekkja.

Ýmsir leikir passa með starfsheitunum eins og til dæmis að útbúa Actionary leik þar sem nemandi leikur ákveðið starfsheiti fyrir samnemendur sem reyna að giska á rétt svar.

What are the jobs?

Nemendabók bls. 68

Hlustunarefni: Sjá kafla um hlustunarefni.

Í What are the jobs? ritunarverkefni á að sækja um starf og nota til þess verkefnablað úr verkefnablaðakafli. Þetta æfir styttri ritun. Nemendur þurfa að hugsa upp ímyndaða manneskju og sækja um starf.

Declan's first job

Nemendabók bls. 69–70

Hér lesa nemendur samtal þar sem vinnuviðtal fer fram. Í lok lesturs vinna nemendur saman tveir og nota starfsumsókn sína sem þeir unnu í hlustunarverkefninu á undan. Nemendur skiptast á að vera vinnuveitandi og umsækjandi.

Best job in the world

Nemendabók bls. 71–72

Frekar stuttir textar um áhugaverð og öðruvísi störf. Nemendum gæti þótt áhugavert að vafra um vefinn og finna fleiri slík störf og jafnvel segja samnemendum sínum frá þeim eða skrifa um þau. Þannig má líka nýta vefinn til að finna meiri lestur og þyngri texta fyrir þá nemendur sem það þurfa. Fyrir ritunarverkefni á bls. 72 má nýta hugarkort eða verkefnablaðið **Dream job** til að fylla inn í. Tilvalið er að nýta formið til að einstaklingsmiða verkefnið, fyrir suma dugar að fylla inn í kassana á meðan aðrir nýta þá sem beinagrind og skrifa ritum upp úr þeim.

Hugmyndir að fleiri ritunarverkefnum:

- The weirdest job in the world
- The easiest job in the world
- The most boring job in the world

You never know what your future holds

Nemendabók bls. 72

Textinn um Vigdís Finnbogadóttur gefur gott tækifæri fyrir þverfaglega kennslustund þar sem farið er yfir sögu þessarar merkilegu konu. Um leið er tilvalið að ræða jafnrétti og kynjamál við börnin og fá fram umræður á ensku um þetta mikilvæga málefni með nemendum. Vigdís er einnig gott dæmi um að allt getur gerst en síðast en ekki síst mikill talsmaður mikilvægi þess að læra tungumál. Textinn ætti því að vera góður grundvöllur umræðu en einnig ætti hann að geta leitt af sér hin ýmsu verkefni.

Fleiri ritunarverkefni:

- Vigdís is a great role model because ...
- Men and women should have the same right because ...

Train your brain

Nemendabók bls. 74

Þessar spurningar má nýta á ýmsa vegu. Einfalt er að láta nemendur svara þeim skriflega, öllum eða hluta af þeim. Þær má líka nota sem umræðugrundvöll, annaðhvort fyrir nokkra nemendur saman eða allan bekkinn. Enn önnur leið er að gera þessa punkta að ritunarverkefnum, velja þá eitthvað úr þeim. Loks mætti nýta spurningarnar sem heimanám þar sem nemendur velja þeim fyrir sér með foreldrum sínum og koma svo með svörin aftur í skólann.

Jobs for kids

Nemendabók bls. 74.

Hlustundarefni, sjá kafla um hlustunarefni

Board game

Nemendabók bls. 78–79

Borðspil, nemendur þurfa tening og eitthvað smátt, t.d. strokleður, til að nota sem spilapeð. Svo kastar nemandi teningnum og fer jafn marga reiti og teningurinn segir til um. Nokkrir reitanna hafa skilaboð til leikmanna sem þeir fara eftir lendi þeir á reitnum.

Ready for Action

Verkefnablöð



m MENNTAMÁLASTOFNUN

Efnisyfirlit

Animals

- 2** **Animals to the rescue, krossgáta**
3 Lausn á krossgátu
4 **Can I have a pet?**
5 **Keiko, stafarugl**
6 Lausn á stafarugli
7 **Coco the stolen parrot verkefnablöð**
8 Svör
9 Vísbendingar, fyrri hluti
10 Vísbendingar, seinni hluti

Fund and Entertainment

- 11** **Guess the song**
12 **In the circus – True or false**
13 Svör
14 **Hobbies to entertain me, survey sheet**

Space

- 15** **The solar system, krossgáta**
16 Lausn á krossgátu
17 **Learning about space – True or false**
18 Svör við true or false

Jobs


- 19** **What are the jobs, job application**
20 Dream job
Fjölnota verkefnablöð
21 Mind map
22 KWL-tafla
23 Venn Diagram
24 Story board

Höfundar: Björg Jónsdóttir og Erla Björk Pálsdóttir
Teikningar: Lára Garðarsdóttir
Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir og Ingibjörg Valsdóttir
Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

1. útgáfa 2016
Menntamálastofnun
Kópavogi

Animals

Animals to the rescue



Across

3. What kind of animal is Willie?
5. What did the pig try to stop?

Down

1. Yang Yun was saved by a...
2. Where was JoAnne taken?
4. What did Willie do to save the baby?


Can I have a pet?

Think of as many animals as possible and put them in the correct place.

Wild animals

Both wild and pets

Pets



Keiko

N	C	Z	D	T	W	J	M	M	S	Y	E	Z	P	F
N	E	L	H	J	N	L	M	U	H	P	G	I	A	C
G	I	R	B	Z	M	O	D	I	G	I	S	M	H	Z
W	L	R	D	Q	K	E	E	R	Y	U	O	K	A	Z
K	B	R	I	L	N	W	B	A	U	U	R	A	J	T
R	K	I	D	I	I	O	R	U	S	L	F	J	N	K
A	H	N	A	H	E	H	K	Q	O	E	I	V	O	M
P	A	R	W	U	Y	K	C	A	J	O	C	L	G	G
A	T	C	R	M	D	D	E	L	F	H	N	S	X	U
M	N	J	I	A	L	E	Y	D	O	T	B	X	P	S
E	S	I	S	N	E	F	P	Z	U	O	G	G	E	X
W	L	R	M	S	K	E	T	A	U	G	H	T	U	Z
J	A	A	E	A	F	X	X	I	P	K	K	C	C	Y
T	S	I	H	B	L	I	O	L	X	H	C	M	S	R
I	H	K	B	W	H	F	F	A	L	B	B	P	Q	A

ANIMAL
AQUARIUM
FAMOUS
HUMANS
MOVIE
PARK
SCHOOLCHILDREN
TAUGHT
TRAINED
WHALE
WILD

Lausn á Keiko – stafarugli

N	C	Z	D	T	W	J	M	M	S	Y	E	Z	P	F
N	E	L	H	J	N	L	M	U	H	P	G	I	A	C
G	I	R	B	Z	M	O	D	I	G	I	S	M	H	Z
W	L	R	D	Q	K	E	E	R	Y	U	O	K	A	Z
K	B	R	I	L	N	W	B	A	U	U	R	A	J	T
R	K	I	D	I	I	O	R	U	S	L	F	J	N	K
A	H	N	A	H	E	H	K	Q	O	E	I	V	O	M
P	A	R	W	U	Y	K	C	A	J	O	C	L	G	G
A	T	C	R	M	D	D	E	L	F	H	N	S	X	U
M	N	J	I	A	L	E	Y	D	O	T	B	X	P	S
E	S	I	S	N	E	F	P	Z	U	O	G	G	E	X
W	L	R	M	S	K	E	T	A	U	G	H	T	U	Z
J	A	A	E	A	F	X	X	I	P	K	K	C	C	Y
T	S	I	H	B	L	I	O	L	X	H	C	M	S	R
I	H	K	B	W	H	F	F	A	L	B	B	P	Q	A

(Over,Down,Direction)

ANIMAL (1,9,SE)

AQUARIUM (9,8,N)

FAMOUS (15,1,SW)

HUMANS (5,7,S)

MOVIE (15,7,W)

PARK (1,8,N)

SCHOOLCHILDREN (14,14,NW)

TAUGHT (8,12,E)

TRAINED (2,9,NE)

WHALE (5,15,NW)

WILD (1,4,NE)

Coco – The stolen parrot, verkefnablað

Name	Alibi	Reason for stealing Coco	Job	Worked at the museum for

Coco – The stolen parrot – svör

Name	Alibi	Reason for stealing Coco	Job	Worked at the museum for
Tina		Loved Coco	Trainer	7 years
Mike	At home	Needed money	Trainer	Just started working there
Penny	Coffee break	Thought Coco was sick	Vet	4 years
Alex	Talking to the boss	Wanted all animals to be in the nature	Cleaning	1 year

Coco the stolen parrot, clues part 1

1. First the police talked to Tina who was Coco's trainer.
2. Next they spoke to Mike who had just started working at the museum two weeks earlier.
3. The next person they spoke with was the vet.
4. Lastly they spoke to Alex who had worked for a year at the museum and took care of all the cleaning.

Who is Penny?

Coco the stolen parrot – clues part 2

1. Tina was Coco's main trainer and seemed to love him very much.
2. The vet and Tina did not agree on Coco's health. The vet thought he wasn't well but Tina believed he was fine.
3. Alex was thinking a lot about the wellbeing of animals. He wanted all animals to be free.
4. Mike, who was also a trainer, had just started working at the museum. He had just finished school and needed money.
5. The vet had worked for the museum for four years.
6. Tina has been working the longest at museum or for seven years.
7. Penny was on a coffee break when the bird was taken.
8. Alex was talking to his boss at work when someone took the bird.
9. Mike was at home when the bird was stolen.

Who does not have an alibi?

Fund and Entertainment

Guess the song

Guess	First song	Second song	Third song	Fourth song
Who is the artist? A singer or a band.				
What do you think the song is called?				
What words can you hear?				
What kind of song is it? Happy song, sad song, love song ...				
What genre of music is it? Rock, classic, country, pop ...				
How would you grade the song? From 1–10				

In the circus – True or false

Mark **T** for true sentences and **F** for false sentences.

1. Lee is from New Zealand.
2. Iceland had a circus so Lee wanted to join it
3. Knowledge should always be passed on.
4. Lee's school was destroyed.
5. Lee doesn't want to make money doing circus acts.
6. Sirkus Íslands does act with ice and fire.
7. His stage name is Wally.
8. Lee wants to provide jobs and opportunities in Iceland.
9. A good performer wants to make people happy.
10. Lee says kids shouldn't listen to adults about what makes them happy.

In the circus

Svör við true or false

1.	F
2.	F
3.	T
4.	T
5.	F
6.	F
7.	T
8.	T
9.	T
10.	F


Hobbies to entertain me

Find at least five people to ask about their hobbies.

Singing	
Football	
Dancing	
Music	
Basketball	
Swimming	
Computers	
Karate	
Other:	

Space

Krossgáta – The solar system




Across

3. This planet is called Neptune's twin
7. The coldest planet
9. The planet we live on
10. The person travelling in space

Down

1. The hottest planet
2. The planet with visible rings around it
4. The object that takes people out to space
5. The largest planet
6. The smallest planet
8. The red planet

Lausn á krossgátu – The solar system



Learning about Space – True or False

Mark **T** for true sentences and **F** for false sentences.

1. Josh and his friend Linda are talking about space.
2. Josh can name all the planets in the right order.
3. There are eight planets.
4. The right order is: Mercury, Venus, Earth, Mars, Jupiter, Saturn, Uranus, Neptune.
5. Pluto is a planet.
6. People travelling into space are called astronauts.
7. The kids find space travelling interesting.
8. The kids think about what to take into space.
9. Josh talks about bringing a hamburger.
10. They need special sleeping bags because of gravity.

Learning about space – svör

1.	F
2.	T
3.	T
4.	F
5.	F
6.	T
7.	T
8.	T
9.	F
10.	T

What are the jobs – job application

Name _____

Address _____

Phone number _____

Applying for a job as a

Education/What have you studied so far?

What experience do you have? Have you had other jobs?

Why should you get the job?

Dream job

What would you do?

Where would you be?


How would you get paid?

Who would you work with?

What would be the best thing about the job?


What would be bad about the job?

Mind map




Venn Diagram

Name: _____



Story Board



Ready for Action

Hlustunaræfingar



Í vinnslu

Animals

- 2 **Sharks**
2 Svör við spurningum á bls. 13
- 3 **The zoo**
3 Svör við spurningum á bls. 17

Fund and Entertainment

- 4 **Party planning**
4 Svör við spurningum á bls. 31
- 5 **Summer vacation**
6 Verkefnablað
7 Svör

Space

- 8 **Aliens on Earth?**
9 Svör við spurningum á bls. 51
- 10 **A visit to the Space Museum**
11 Svör við spurningum á bls. 56

Jobs

- 12 **What are the jobs?**
13 **Jobs for kids**

Höfundar: Björg Jónsdóttir og Erla Björk Pálsdóttir
Teikningar: Lára Garðarsdóttir
Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir og Ingibjörg Valsdóttir
Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

1. útgáfa 2016
Menntamálastofnun
Kópavogi